

Breyting á deiliskipulagi Skúta í Hörgársveit

Umhverfisskýrsla



Unnið af: Starra Heiðmarssyni, grasafræðingi

Fyrir: Skútaberg ehf.

Innihald

1. Inngangur	2
1.1 Yfirlit	3
1.2 Tilgangur, áherslur og aðferð	5
1.3 Tengsl við aðrar áætlanir	6
1.4 Staðhættir á skipulagssvæði	6
2. Umfang og áherslur í mati á umhverfisáhrifum	7
2.1 Umfang og aðferðir	7
2.2 Valkostir	7
3. Mat á umhverfisáhrifum	7
3.1 Grunnástand umhverfis	7
3.2 Vistkerfi	7
3.3 Náttúru og menningarminjar	8
3.3.1 Jarðmyndanir og jarðfræði	8
3.3.2 Fornleifar	8
3.4 Landslag og sjónrænir þættir	9
3.5 Hagrænir og félagslegir þættir	9
3.5.1 Samfélag	9
3.6 Heilsa og öryggi	9
3.6.1 Samgöngur	9
3.6.2 Hljóðvist og sandfok	10
3.7 Mat á umhverfisáhrifum núllkosta	10
4. Vöktun	12
5. Samantekt og heildaráhrif	12
6. Heimildir	13

Mynd á forsiðu: Priestman Beaver, frá fimmta áratug síðustu aldar, var fyrsta vél sinnar tegundar sem flutt var til landsins og bíður þess í Skagafirði að prýða vélasafnið í fyllingu tímans.

Töfluskrá

1. tafla: Tengsl deiliskipulagsbreytingar við aðrar áætlanir.....	7
---	---

Myndaskrá

1. mynd: Yfirlitsmynd yfir athafnasvæðið sem sýnir afstöðu nýframkvæmda miðað við núgildandi skipulag	3
2. mynd Yfirlitsmynd sem sýnir geymslusvæði og niðurbrotssvæði fyrir mengaðan jarðveg	4
3. mynd 3: Yfirlitsmynd sem sýnir neðanjarðarhvelvingar fyrir vinnuvélasafn	4
4. mynd 4: Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu athafnalóða fyrir byggingar	5

1 Inngangur


Í gildi er deiliskipulag fyrir athafnasvæði á hluta Moldhaugaháls sem nær yfir land sem tilheyrir Skútum, Moldhaugum og Tréstöðum. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir efnistökusvæði og athafnasvæði í samræmi við gildandi Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2012-2024[1]. Í þeim breytingum á deiliskipulagi fyrir Moldhaugaháls sem hér er fjallað um er gert ráð fyrir nokkrum nýjum framkvæmdum á svæðinu sem tilgreindar eru í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og eru umræddar framkvæmdir í flokki B [2].

Deiliskipulag er háð umhverfismati í þeim tilvikum þegar það fjallar um landnotkun og fyrirhugaðar eru framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr.111/2021 og eru í A flokki. Innan þessarar breytingartillögu við gildandi deiliskipulag er hins vegar gert ráð fyrir framkvæmdum sem falla í B flokk í ofangreindum lögum og falla undir eftirtalda liði í viðauka 1: geymslusvæði fyrir vinnuvélar og tæki 12,63 ha, niðurbrotssvæði fyrir mengaðan jarðveg 0,29 ha, neðanjarðarhvelvingar fyrir vinnuvélasafn (liður 10.02) og að lokum byggingar með meiri gólfhlötu en 20.000 m² (liður 10.01). Framkvæmdir sem flokkast í flokki B skulu metnar með tilliti til þeirra atriða sem koma fram í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 111/2021. [2]


Markmið breytingar á deiliskipulaginu er að útfæra gildandi aðalskipulag með afmörkun lóða, gerð skilmála um hús, húsgerðir o.fl. á athafnasvæðinu og geymslusvæði.

1.1 Yfirlit


Deiliskipulagið sem tók gildi 2014 nær yfir um 440 ha svæði þar sem gert er ráð fyrir efnistöku í grjótnámu á 17 ha svæði innan deiliskipulagssvæðisins og byggingum á skilgreindu athafnasvæði. Um þetta var fjallað í áður útgefinni umhverfisskýrslu sem gefin var út í júní 2013 [3] og var til grundvallar gildandi deiliskipulagi sem samþykkt var 22. janúar 2014 og verður ekki fjallað um frekar í þessari skýrslu. Nýjar framkvæmdir sem fjallað er um í þessari umhverfisskýrslu eru fjórar sbr. 1. mynd. Geymslusvæði fyrir vinnuvélar og tæki 12,63 ha (Nr. 19 á 1. og 2. mynd), niðurbrotssvæði fyrir mengaðan jarðveg 0,29 ha (nr. 37 á 1. og 2. mynd), þrjár neðanjarðarhvelvingar fyrir vinnuvélasafn (nr. 5, 6 og 7 á 1. og 3. mynd) og í fjórða lagi byggingar með meiri gólfhlöt en 20.000 m² á reitum merktir athafnalóðir (nr. 20, 21 og 23 á 1. og 4. mynd).




1. mynd. Yfirlitsmynd af núverandi athafnasvæði og tillögum að breytingum á því, merkt nr. 5, 6, 7, 19, 20, 21, 23 og 37.



2. mynd. Breytingartillaga um landnotkun norðvestur af núverandi námu. Geymslusvæði fyrir bíla, vélar, tæki og aðra lausamuni (nr.19). Niðurbrotssvæði fyrir olíumengaðan jarðveg (nr.37).



3. mynd. Breytingartillaga um landnotkun austarlega á deiliskipulagssvæðinu, neðan-jarðarhvelfingar fyrir vinnuvélasafn (nr. 5,6 og7).



4. mynd. Breytingartillaga um landnotkun norðan við núverandi efnislager. Athafnalóðir fyrir atvinnuhúsnæði

Deiliskipulagssvæðið er í eigu Skútabergs ehf. sem er framkvæmdaaðili svæðisins.

Nýjar framkvæmdir gera ráð fyrir geymslusvæði fyrir bíla, vélar og tæki í landi Skúta, í horni geymslusvæðis verður niðurbrotssvæði fyrir olúmengaðan jarðveg. Í landi Moldhauga verða gerðar neðanjarðarhvelingar fyrir vinnuvélasafn svo eru einnig skipulagðar athafnalóðir.

Vísað er í greinargerð með drögum að uppdrætti til frekari upplýsinga þar sem gerð er grein fyrir nauðsynlegum leyfum vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á deiliskipulagssvæðinu, mannvirkjum og helstu kennistærðum þeirra ásamt vegslóðum og vegtengingum.

1.2 Tilgangur, áherslur og aðferð

Megintilgangur umhverfisskýrslu með breytingartillögu á deiliskipulagi er að greina frá helstu mögulegum umhverfisáhrifum sem breytingartillagan er líkleg til að hafa á umhverfi, ásamt mótvægisáðgerðum og tillögu á vöktun ef þörf er á.

Markmið laga um umhverfismat áætlana nr. 111/2021 er að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða, (1. gr.) [1]. Þær breytingar á deiliskipulagi sem hér eru lagðar til kalla ekki sjálfkrafa á nýtt umhverfismat enda í B-flokki skv. viðauka 1. í ofangreindum lögum nr. 111/2021.

1.3 Tengsl við aðrar áætlanir

Breyting á deiliskipulaginu samræmist markmiðum svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024 sem tók gildi 4. febrúar 2014.[4]. Tengsl við aðrar áætlanir má sjá 1. töflu.

Heiti áætlunar	Hvernig tengist áætlun tillögu að nýrri áætlun
Aðalskipulag Hörgársveitar 2006-2026	Svæðið samræmist áætlunum um landnotkun Áætlunin samræmist áætlunum ASK um færri og stærri efnistökusvæði Áætlunin samræmist áætlunum ASK um aukna þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu og er gert ráð fyrir vélasafni (AF2)
Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 [4]	Deiliskipulagsbreytingin samræmist markmiðum í svæðisskipulagi
Staðardagskrá 21 [5]	Deiliskipulagsbreytingin samræmist markmiðum sveitarfélagsins í Staðardagskrá 21 um sjálfbæra þróun.
Samgönguáætlun 2020-2034 [6]	Deiliskipulagsbreytingin hefur ekki áhrif á markmið samgönguáætlunar umfram þau áhrif sem núverandi deiliskipulag hefur.
Náttúruminjaskrá [7]	Engin svæði á náttúruminjaskrá eru innan deiliskipulagssvæðisins
Friðlýstar tegundir plantna, mosa og fléttna [8]	Ekki er vitað til að finna megi friðaðar tegundir á deiliskipulagssvæðinu sbr. auglýsingu 1385 um friðun æðplantna, mosa og fléttna frá 18. nóvember 2021.
Válistar um plöntur og dýr (gefnir út af Náttúrufræðistofnun) [9, 10, 11]	Ekki er vitað um tegundir á válista á deiliskipulagssvæðinu.
Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga [12]	Engir birkiskógar eru innan deiliskipulagssvæðisins
Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – Stefnumörkun til 2020 [13]	Áætlunin samræmist markmiðum um sjálfbæra þróun, m.a. markmiðum í kafla 8 um vernd sérstæðra jarðmyndana og efnistökusvæði.

1. tafla: Tengsl deiliskipulagsbreytingar við aðrar áætlanir

1.4 Staðhættir skipulagssvæðis

Svæðið sem breytingartillagan nær til er ýmist á núverandi athafnasvæði eða í næsta nágrenni þess. Aðkoma er í gegnum land Moldhauga sem er í eigu Skútabergs ehf.

2 Umfang og áherslur í umhverfisskýrslu

2.1 Umfang og aðferðir

Við gerð umhverfisskýrslu núna var stuðst við fyrirbyggandi gögn frá umhverfisskýrslu sem gerð var í júní 2013 í tengslum við umhverfismat sem þá var gert auk þess sem tekið var tillit til breytinga á válista Náttúrufræðistofnunar og nýlegrar friðlýsingar æðplantna, mosa og fléttna.

2.2 Valkostir

Núllkostur er að landnotkun á svæðinu verði með óbreyttum hætti og ekki verði gert ráð fyrir nýjum framkvæmdum á svæðinu. Við mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins er því hér um að ræða samanburð við áhrif óbreyttra landnýtingar.

3 Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisáhrif vegna nýrra framkvæmda á deiliskipulagssvæðinu munu fara talsvert eftir vinnsluáætlun, frágangi og skipulagi framkvæmdarinnar.

3.1 Grunnástand umhverfis

Í lýsingu og matslýsingu fyrri umhverfisskýrslu frá 2013 var ítarlega gerð grein fyrir grunnástandi á deiliskipulagssvæðinu með áherslu á þá umhverfispætti sem líklegir voru taldir til að vera fyrir áhrifum af framkvæmd deiliskipulagsins. Hér er einungis litið til þess svæðis sem verður fyrir áhrifum af breytingum á deiliskipulaginu.

3.2 Vistkerfi

Hluti framkvæmdasvæðisins er innan núverandi athafnasvæðis og munu framkvæmdir þar því ekki hafa umtalsverð áhrif á villta náttúru. Þau svæði sem leggja á ný undir athafnasvæðið eru norðvestur af núverandi námu en þar eru um 13 ha ætlaðir fyrir geymslusvæði og niðurbrotssvæði fyrir olíumengaða mól. Einnig er svæði norður af núverandi efnislager þar sem gert er ráð fyrir 3 athafnalóðum á rúmlega 5 ha svæði. Umrædd svæði hafa ekki sérstöðu hvað varðar tegundafjölbreytni í gróðurfari og í heild sinni telst gróðurfari líkt og annað fullgróið land á Eyjafjarðarsvæðinu. Vistlendi á svæðinu eru mólendi og graslendi sem teljast ekki sérstæð á Eyjafjarðarsvæðinu. Komið verður í veg fyrir mengun frá niðurbrotssvæði fyrir olíumengaða mól með tveimur olúgildrum sem tryggja þá sömuleiðis takmörkun á mengun verði óhapp á geymslsvæðinu fyrir vélar og tæki.

Fyrirhugaðar framkvæmdir geta almennt haft bein neikvæð áhrif á búsvæði fugla. Þau búsvæði þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, eru hvorki sjaldgæf á svæðis- né landsvísu. Fuglalíf er í meðallagi fjölbreytt og sambærilegt gróðurlendi er að finna á stórum svæðum í nágrenni skipulagssvæðisins. Ekki er vitað til sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista verpi innan skipulagssvæðis.

Tímabundin hljóðmengun frá nýjum fyrirhuguðum framkvæmdum eins og gerð neðanjarðarhvelfinga og geymslusvæðis getur fælt fugla frá því svæði tímabundið meðan vinnsla stendur yfir. Bein áhrif á fuglalíf eru því takmörkuð að umfangi.

Vægi áhrifa: óveruleg

3.3 Náttúru og menningarminjar

3.3.1 Jarðmyndanir og jarðfræði

Engin svæði á Náttúruminjaskrá er að finna á skipulagssvæðinu, né heldur sérstæð jarðfræðileg fyrirbæri. Verndargildi jarðmyndana telst því ekki hátt.

Æskilegt er að nýjar framkvæmdir vegna geymslusvæðis, neðanjarðarhvelfinga ofl. sé skipulagt með það að markmiði að viðhalda landslagsheildum eins og mögulegt er við frágang. Lagt er til að sérkennilegum jarðmyndunum verði hlíft eins og kostur er þegar framkvæmdir eru skipulagðar.

Vægi áhrifa: óveruleg

3.3.2 Fornleifar

Allmargar fornminjar eru á skipulagssvæðinu en engar þeirra eru þar sem framkvæmt verður samkvæmt breytingartillögu á deiliskipulaginu. Fjallað var um fornleifar í umhverfisskýrslu vegna umhverfismats deiliskipulagsins 2014.

Fullt tillit verður tekið til 2.mgr. 24. gr. Laga um menningarminjar (nr. 80/2012) sem hljóðar svo: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt um auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Vægi áhrifa: óveruleg

3.4 Landslag og sjónrænir þættir

Landslag og sérstaklega sjónrænir þættir verða fyrir áhrifum vegna deiliskipulagsbreytinganna. Svæðið er sýnilegt af Hringvegi og Ólafsfjarðarvegi (nr.82) og gætir sjónrænna áhrifa frá báðum stöðum. Landslag á svæðinu telst einkennalítið og verndargildi landslags ekki mikið. Beinna áhrifa á landslag gætir þegar á Moldhaugahálsi vegna efnisnáms en svo bætist við byggingar á athafnalóðum sem verður dregið úr ásýndáhrifum af með sjónmön. Geymslusvæðið verður innar í landi Skúta og verður umkringgt sjónmön og ekki sjáanlegt nema úr lofti og alveg við svæðið. Ekki er gert ráð fyrir miklum sjónrænum áhrifum af neðanjarðarhervelfingunum þegar framkvæmdum við þær er lokið.

Áhrif á landslag og landslagsheild eru mest áberandi meðan á framkvæmdum við neðanjarðarhervelfingar, geymslusvæði og byggingar stendur. Til að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmda á rekstrartíma verður dregið úr sjónrænum áhrifum með skógrækt og jarðvegsmönnum. Eftir framkvæmdir og frágang skal móta landslag og nærliggjandi landslagi eins og kostur er til að draga úr sjónrænum áhrifum til lengri tíma lítið.

Vægi áhrifa: neikvæð

3.5 Hagrænir og félagslegir þættir

3.5.1 Samfélag

Hagur er í að varðveita vinnuvélasafn þar sem það eru menningarleg verðmæti. Meira aðdráttarafl að vinnuvélasafni verður með því að búa um það í einstökum neðanjarðarhervelfingum sem auka aðdráttarafl ferðamanna á svæðinu. Geymslusvæði fjarri alfaraleið fyrir tæki, bíla ofl. er umhverfislega séð öllum til hagsbóta. Þörf er á svæði fyrir athafnabyggingar þar sem það er lítið framboð af því í Eyjafirði.

Vægi áhrifa: jákvæð

3.6 Heilsa og öryggi

3.6.1 Samgöngur

Fjallað er um aðkomu á skipulagssvæði í fyrri skýrslu og er ekki sérstök þörf á að fjalla um það aftur í þessari skýrslu.

Vægi áhrifa: óveruleg

3.6.2 Hljóðvist og sandfok

Ekki er talið að geymslusvæði hafi áhrif á næsta nágrenni með hávaða eða rykmengun. Sama á við um neðanjarðarhvelvingarnar. Einu áhrifin sem mun gæta eru á framkvæmdartíma þegar neðanjarðarhvelvingar verða búnar til. Þá þarf að sprengja sig inn í bergið og færa efni út en það verða ekki meiri áhrif en eru nú þegar vegna efnisvinnslu á svæðinu. Vegna fjarlægðar frá framkvæmdarsvæðunum að byggð og frístundabyggð og þess að sjónlína er ekki óhindruð, er þó talið að áhrif á hljóðvist frá framkvæmdarsvæðum verði óveruleg. Vegna fjarlægðar geymslusvæðis og hvelvinga og vega frá frístundabyggð og næstu íbúðabyggð er talið að áhrif af sandfoki verði einkum sjónræn eðlis og hafi ekki teljandi áhrif á loftgæði. Framkvæmdaaðili mun draga úr líkum á sandfoki með uppgræðslu svæðis jafnóðum, s.s. með því að sá í sjónmanir.

Vægi áhrifa: óveruleg

3.7 Mat á umhverfisáhrifum núllkosta

Núllkostur er að ekki verði farið í þessar nýju framkvæmdir á svæðinu. Núllkostur gæti leitt til að geyma þyrfti úti eða reisar byggingar til að hýsa vinnuvélasafn sem að öðrum kosti væri hýst í neðanjarðarhvelvingum. Núllkostur með geymslusvæði væri að það væri staðsett á meira áberandi stað þar sem það væri sýnilegra. Núllkostur fyrir þetta byggingarmagn, meira en 20.000 m², er að það þyrfti að leita annað ef ekki verður framkvæmt á þessum lóðum og ekki er álíka framboð á slíkum lóðum í Eyjafirði.

Ef ekki verður af framkvæmdum á deiliskipulagssvæðinu er ljóst að leita þarf á nýjar slóðir eftir slíkum kostum.

Vægi áhrifa: óveruleg

Náttúru og menningaminjar

Jarðmyndanir og jarðfræði

Núverandi landnotkun raskar ekki jarðmyndunum. Verndargildi telst ekki mikið enda ekki um sérstæð náttúrufyrirbæri að ræða.

Vægi áhrifa: óveruleg

Fornleifar

Menningaminjar hafa ekki fundist við núverandi landnotkun. Í næsta nágrenni skipulags-svæðisins eru fáar minjar og varðveislugildi þeirra lítið.

Vægi áhrif: óveruleg

Landslag og sjónrænir þættir

Núverandi landnotkun hefur nú þegar valdið einhverjum áhrifum, einkum á sjónræna þætti. Neðanjarðarhvelvingar og geymslusvæði fyrir tæki og bíla fjarri allri umferð minnka sjónræn áhrif á landslag og sjónræna þætti. Leitast verður við að minnka sjónræn áhrif bygginga með sjónmön, skógrækt eða hvorutveggja.

Vægi áhrifa: neikvæð

Hagrænir og félagslegir þættir

Samfélag:

Varðveisla gamalla vinnuvéla með sögulegt gildi hefur jákvæð samfélagsleg áhrif og til að tryggja varðveisluna eru hentug geymslurými nauðsynleg. Ef ekki er til staðar geymslusvæði fjarri alfaraleið fyrir tæki, bíla ofl. þá þarf að geyma tækin þar sem þau eru fyrir daglegum framkvæmdum. Ef ekki er hægt að byggja á skipulögðum lóðum þá þarf að leita annarsstaðar og það er lítið framboð af slíkum lóðum í Eyjafirði.

Vægi áhrifa: jákvæð

Heilsa öryggi

Samgöngur

Umferð er lítil til og frá námunni og felst einkum í þungaumferð. Umferð ferðamanna gæti aukist við opnun vinnuvélasafns í neðanjarðarhvelvingum. Þó er gert ráð fyrir að safngestir komi að stórum hluta með rútum á safnið og því verði fremur lítil aukning á þeirri umferð sem nú þegar er um svæðið að námunni. Engin breyting er á umferð vegna geymslusvæðis þar sem það er til einkanota en ekki til nota fyrir utanaðkomandi aðila.

Vægi áhrifa: óveruleg

Hljóðvist og sandfok

Hugsanleg áhrif vegna hávaða af framkvæmdarsvæðum hverfa ef um engar framkvæmdir verður að ræða. Sama gildir um áhrif vegna sandfoks, sem einkum eru talin sjónræn. Vegna fjarlægðar framkvæmdarsvæða frá byggð og útivistarsvæðum eru slík áhrif þó talin lítil.

Vægi áhrifa: óveruleg

4 Vöktun

Vakta þarf olíumengun með tilliti til nánasta umhverfis, á það sérstaklega við um niðurbrotssvæði fyrir olíumengaðan úrgang. Komið verður fyrir tveimur olígildrum neðan svæðisins og munu þær einnig tryggja að olía og önnur mengun berist ekki frá geymslusvæðinu fyrir vinnuvélar og tæki. Regluleg vöktun verður á olígildrunum. Einnig þarf að vakta rykmengun og hljóðmengun með tilliti til áhrifa á samfélag og aðrar atvinnugreinar s.s. frístundabyggð og landbúnað. Framkvæmdum getur fylgt talsverð rykmengun á framkvæmdartíma við vissar veðurfarslegar aðstæður og er æskilegt að fylgst sé með því. Ef neikvæðra áhrifa verður vart verði gripið til viðeigandi aðgerða s.s. stillingar og viðgerða á tækjum og vinnuvélum, vökvunar rykskýja, farms og vegslóða. Samhliða vöktun verði tækjabúnaður yfirfarinn reglulega. Ef í ljós koma neikvæð umhverfisáhrif af framkvæmdum verða verkferlar endurskoðaðir og skoðað hvað veldur og úrbætur gerðar.

5 Samantekt og heildaráhrif

Áhrif af breytingartillögum deiliskipulagsins sem hér eru sett fram er staðbundin og hafa mest áhrif á það land sem fer undir framkvæmdirnar. Deiliskipulagsbreytingin er talin hafa neikvæð áhrif á landslag og sjónræn áhrif, einkum á framkvæmdatíma en vandaður frágangur mun vinna gegn þeim áhrifum.

Bein áhrif efnistöku úr neðanjarðarhvelvingum eru á afmörkuðu svæði. Sjónrænna áhrifa gætir víða, s.s. á Hringvegi og Ólafsfjarðarvegi. Með góðu skipulagi framkvæmda á framkvæmdartíma og vönduðum frágangi svæðisins að loknum framkvæmdum má milda umhverfisáhrif með mótvægisáðgerðum s.s. landslagsmótun og uppgræðslu.

Áhrif þessara framkvæmda á samfélag eru metin jákvæð. Hagur er í að varðveita vinnuvélasafn þar sem það geymir menningarleg verðmæti. Meira aðdráttarafl að vinnuvélasafni verður með því að búa um það í einstökum neðanjarðarhvelvingum sem auka aðdráttarafl ferðamanna á svæðinu. Geymslusvæði fjarri alfaraleið fyrir tæki, bíla ofl. er í

umhverfislegu tilliti öllum til hagsbóta. Þörf er á svæði fyrir athafnahúsabyggingar þar sem það er lítið framboð af því í Eyjafirði

Heilarniðurstaða umhverfisskýrslunnar er að líkleg umhverfisáhrif deiliskipulagsbreytinganna verði óveruleg sé tekið tillit til þeirra mótvægisáðgerða m.a. um frágang svæðisins sem lagðar eru til í skýrslunni.

6 Heimildir

1. Landmótun 2015. Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024. Sveitarfélagið Hörgársveit.
2. Alþingi 2021. Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.
3. Environice 2013. Deiliskipulag Skútar í Hörgársveit – Umhverfisskýrsla. Sótt 6.9.2022 á https://www.horgarsveit.is/static/files/skipulagsmal/deiliskipulag/skra_0065283.pdf.
4. Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar 2013. Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024. Sótt 6.9.2022 á https://www.horgarsveit.is/static/files/skipulagsmal/svaedisskipulag/skra_0065470.pdf
5. Staðardagskrá 21 fyrir Hörgárbyggð 2006. Sótt 6.9.2022 á <https://www.horgarsveit.is/static/files/stadardagskra.pdf>
6. Alþingi 2020. Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.
7. Umhverfisstofnun 2022. Náttúruminjasrá. Sótt 6.9.2022 á <https://ust.is/nattural/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/>
8. Stjórnartíðindi 2021. Auglýsing nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna.
9. Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. Válisti æðplantna 2018. Sótt 6.9.2022 á <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/plontur>
10. Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. Válisti spendýra 2018. Sótt 6.9.2022 á <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/spendyr/valisti-spendyra>
11. Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. Válisti fugla 2018. Sótt 6.9.2022 á <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>
12. Umhverfisráðuneytið 2007. Vernd og endurheimt birkiskóga. Sótt 6.9.2022 á https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/birkiskogar.pdf
13. Umhverfisráðuneytið 2002. Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Sótt 6.9.2022 á https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Velferd_til_framtidar_2002.pdf